

Ed.

452. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 38 frá 3. nóv. 1915 skal bljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, eða múrar upp gróf, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 100 kr. fyrir það og þar að auki 40 króna legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í rikissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lög-taksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.